



Reykjavíkurborg

skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Reykjavík, 3. mars 2019

R19010422

1252

## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

---

### *Umsögn um tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um breytingar á reglum um styrkveitingar*

Á fundi borgarráðs þann 31. janúar 2019 var svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins lögð fram:

Lagt er til að reglur um styrkveitingar, sérstaklega skil verkefna séu samræmdar þeim sem gilda sem dæmi hjá vísindasamfélaginu og víðar. Þar er m.a. almenna reglan að lokagreiðsla kemur ekki fyrir en skýrslu um framvindu verksins hefur verið skilað. Algengt er að við upphaf verkefnis fái umsækjandi greitt 40% afheildarvilyrði fyrirfram. Lokagreiðsla fer fram þegar borist hefur staðfesting á að verkefni er að fullu lokið.

Óskað var eftir umsögn frá skrifstofu borgarstjóra og borgarritara um tillöguna þann 5. febrúar sl.

Þann 14. febrúar sl. var samþykkt í mannréttinda- og lýðræðisráði tillaga um aukið gagnsæi og samræmingu verklags í kringum styrkveitingar Reykjavíkurborgar. Tillagan felur í sér að ráðist verði í það verkefni að rýna og samræma verklag í kringum styrkúthlutanir Reykjavíkurborgar með það að markmiði að auka gagnsæi, tryggja sýnileika og einfalda aðgengi íbúans að styrkumsóknum og upplýsingum um veitta styrki borgarinnar. Starfshópi verði falin vinnan við að móta tillögur að þessum markmiðum sem svo verða lagðar fyrir mannréttinda- og lýðræðisráð.

Nú þegar hefur því verið ákveðið að setja á laggirnar starfshóp sem hefur einmitt það hlutverk að rýna og samræma verklag í kringum styrkúthlutanir Reykjavíkurborgar og skal starfshópurinn móta tillögur að breyttu verklagi um styrkjaúthlutanir sem síðan verða lagðar fyrir mannréttinda- og lýðræðisráð. Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins gæti nýst vel inn á þá vinnu sem starfshópnum hefur verið falið.

Theódóra Sigurðardóttir  
teymisstjóri

